

Tillaga að ályktun vetrarþjónustu á Vestfjörðum.

69. Fjórðungsþings Vestfirðinga lýsir miklum vonbrigðum með fálæti stjórnvalda gagnvart ákalli samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum, um lengingu þjónustutíma vetrarþjónustu á Vestfjörðum. Augljóst er að stuttur opnunartími Vestfjarða hamlar uppbyggingu atvinnulífs og samfélaga og er í hróplegu ósamræmi við lengri þjónustutíma á öðrum atvinnusvæðum í landinu.

Fjórðungsþing Vestfirðinga skorar á innviðaráðherra breyta reglugerð um vetrarþjónustu og tryggja sértækt fjármagn til Vestfjarða þannig að landshlutinn standi jafnfætis við önnur svæði í landinu varðandi vetrarþjónustu.

Fjórðungsþing leggur til að þjónustutími á Djúpvegi um Steingrímsfjarðarheiði og Ísafjarðardjúpi og Vestfjarðavegi um Dynjandisheiði, Múlasveit, Klettsháls og Reykhólasveit sé samræmdur við opnunartíma á Bröttubrekku og Þröskuldum.

Jafnframt verði vetrarþjónusta innan sveitarfélagsins Vesturbyggðar sé lengd og verði samræmi við þjónustutíma milli byggðarlaga á norðanverðum Vestfjörðum

Flutningsmaður: Innviðanefnd

Greinargerð.

Samkvæmt meðfylgjandi yfirliti er augljóst er hversu stuttur opnunartími vega á Vestfjörðum er í samanburði við önnur svæði.

| Opið virka daga fjöldi klst. | Opið um helgar - fjöldi klst. | Vinnsóknar- svæði Byggðastofnunar | Veg nr | Þjónustu- flokkur | Opið virka daga | | Opið um helgar | | Fjöldi bíla (meðaltal des - mars) | Staðsetning vegar (Fjallvegir/hálsar) |
|------------------------------|-------------------------------|---|--------|-------------------|-----------------|-------|----------------|-------|-----------------------------------|---------------------------------------|
| | | | | | | | | | | |
| 7,5 | 6 | 5 Sunnanverðir Vestfirðir | 60 | 3 | 10:00 | 17:30 | 11:30 | 17:30 | 50 | Klettháls |
| 8 | 5,5 | 7 Strandir - Inndjúp | 61 | 3 | 11:00 | 19:00 | 12:30 | 18:00 | 125 | Steingrímsfjarðarheiði |
| 9,5 | 7,5 | 4 Reykhólahreppur | 60 | 3 | 08:00 | 17:30 | 09:30 | 17:00 | 75 | Hjallaháls, Ódrjúgsháls |
| 10,5 | 8,5 | 3 Snæfellsnes | 54 | 3 | 08:00 | 18:30 | 09:30 | 18:00 | 125 | Fróðarheiði |
| 10,5 | 8 | 20 Múlaþing - Þingeyjarsýslur | 1 | 3 | 09:00 | 19:30 | 10:30 | 18:30 | 175 | S-Hárekstaðarleið |
| 10,5 | 8 | 18 Vopnafjörður | 85 | 3 | 09:00 | 19:30 | 10:30 | 18:30 | 50 | Vopnafjarðarheiði |
| 11,5 | 12,5 | 2 Dalir | 60 | 3 | 08:00 | 19:30 | 08:30 | 21:00 | 350 | Brattabrekka |
| 11,5 | 9,5 | 3 Snæfellsnes | 56 | 3 | 08:00 | 19:30 | 09:30 | 19:00 | 375 | Vatnaleið |
| 11,5 | 9,5 | 4 Reykhólar - Dalir | 60 | 3 | 08:00 | 19:30 | 09:30 | 19:00 | 250 | Svínadalur |
| 11,5 | 9,5 | 4 Strandir - Reykhólarhr | 61 | 3 | 08:00 | 19:30 | 09:30 | 19:00 | 175 | Þróskuldar |
| 11,5 | 8 | 13 Þingeyjarsýslur - Múlaþing | 1 | 3 | 08:00 | 19:30 | 10:30 | 18:30 | 150 | N-Hárekstaðarleið |
| 12 | 10,5 | 5 Sunnanverðir Vestfirðir | 62 | 3 | 08:00 | 20:00 | 09:30 | 20:00 | 100 | Kleifaheiði |
| 12 | 10 | 10 Skagafjörður | 744 | 3 | 07:30 | 19:30 | 09:00 | 19:00 | 350 | Þverárfjall |
| 12,5 | 11 | 5 Sunnanverðir Vestfirðir | 63 | 3 | 07:30 | 20:00 | 09:00 | 20:00 | 275 | Miklidalur / Hálfán (175 bílar) |
| 12,5 | 10,5 | 17 Þórshöfn-Raufarhöfn | 85 | 3 | 07:30 | 20:00 | 09:00 | 19:30 | 50 | Hófaskarð |
| 12,5 | 10,5 | 18 Þórshöfn-Vopnafjörður (Bakkafjörður) | 85 | 3 | 07:30 | 20:00 | 08:30 | 19:00 | 50 | Sandvíkurheiði |
| 12,75 | 10,5 | 6 Norðanverðir Vestfirðir | 60 | 3 | 07:25 | 20:00 | 09:00 | 19:30 | 150 | Gemlufallsheiði |
| 13,5 | 12,5 | 2 Borgafjörður | 1 | 2 | 08:00 | 21:30 | 08:30 | 21:00 | 850 | Holtavörðuheiði |
| 13,5 | 13 | 12 Eyjafjörður - Skagafjörður | 1 | 2 | 08:00 | 21:30 | 08:30 | 21:30 | 800 | Öxnadalshéiði |
| 15,5 | 14,5 | 20 Hérað - Seyðisfjörður | 93 | 2 | 06:30 | 22:00 | 07:00 | 21:30 | 250 | Fjarðarheiði |
| 15,5 | 14,5 | 21 Fjarðabyggð - Múlaþing | 1 | 2 | 06:30 | 22:00 | 07:00 | 21:30 | 925 | Fagridalur |